

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. desember 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-58/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 4. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á rafhlöðu í farsíma, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér andvirði nýrrar rafhlöðu í farsímamann sinn, kr. 4.500.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 15. júlí sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 12. ágúst. Með bréfi, dags. 15. ágúst, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og fékk hann frest til þess til 29. ágúst. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 28. nóvember, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 16. desember 2011 keypti álitsbeiðandi farsíma af seljanda af gerðinni Samsung GT-18150 W fyrir kr. 56.900. Segir álitsbeiðandi að þegar hann hafi verið búinn að eiga farsímamann í um ár hafi hann uppfært stýrikerfi símans. Í kjölfarið af því segir álitsbeiðandi að rafhlaða símans hafi hætt að halda hleðslu og fyrir rest hafi rafhlaðan aðeins enst í tíu mínútur í senn. Hinn 27. febrúar sl. fór álitsbeiðandi með símann til seljanda til viðgerðar. Þar er honum tjáð að seljandi taki aðeins sex mánaða ábyrgð á símarafhliðum, en síminn sjálfur sé hins vegar með tveggja ára ábyrgð. Engu að síður var síminn sendur á verkstæði seljanda til skoðunar. Segir álitsbeiðandi að þegar síminn hafi komið aftur úr skoðun á verkstæði seljanda og hann sótt hann í verslun seljanda hafi honum verið tjáð að rafhlaða símans væri bólgin og ónýt og þar sem aðeins væri 6 mánaða ábyrgð á rafhlöðum frá seljanda myndi seljandi ekki leggja honum til nýja rafhlöðu. Mótmælti álitsbeiðandi þessu og taldi að tveggja ára ábyrgð ætti við um rafhlöðuna líkt og önnur raftæki. Keypti álitsbeiðandi þó nýja rafhlöðu þar sem hann gat ekki notað farsíma sinn með gömlu rafhlöðunni.

Sem fyrr segir gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi endurgreiði sér rafhlöðu sem hann keypti af honum hinn 2. apríl sl. fyrir kr. 4.500.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er það rakið að álitsbeiðandi geri þá kröfu að seljandi endurgreiði honum rafhlöðu sem hann keypti í farsíma sinn. Hafnar seljandi fullyrðingum álitsbeiðanda um að rafhlaðan sé haldin galla og telur sér því ekki skylt skv. lögum nr. 48/2003 um neytendakaup að afhenda álitsbeiðanda nýja rafhlöðu. Rekur seljandi að skv. 14. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup færast áhættan af söluhlut yfir til neytanda við afhendingu vörunnar. Samkvæmt því beri neytandi áhættuna vegna rýrnunar eða skemmda á vörunni nema slíkt megi rekja til seljanda, sbr. 13. gr. laganna. Þá bendir seljandi á að í 2.

mgr. 15. gr. laganna sé mælt fyrir um að ef ekkert sé tiltekið um eiginleika söluhlutar í samningi þá skuli hann henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir séu venjulega notaðir. Á kvittunum seljanda sé sérstaklega tekið fram að ábyrgð á rafhlöðum gildi aðeins í sex mánuði enda um vörur að ræða sem hafi skemmri endingartíma og séu kaupendur meðvitaðir um að rafhlöður hafi skemmri endingartíma en t.d. farsímar, þar sem ábyrgð seljanda gildi í tvö ár. Rafhlöður séu ekki innbyggðar í farsíma heldur íhlutir sem einfalt sé að skipta um og því ekki hluti af farsímanum sem slíkum. Seljandi ábyrgist ekki rafhlöður sem fylgi með þegar farsímar séu seldir endist í lengri tíma en sex mánuði. Það sé því ekkert sem gefi til kynna gagnvart álitsbeiðanda að seljandi hafi ábyrgst að umrædd rafhlaða hafi lengri líftíma en umrædda sex mánuði.

Seljandi telur nauðsynlegt að áréttu að rafhlöður sem séu notaðar fyrir farsíma séu tæki sem hafi ákveðin líftíma, með sama hætti og allar rafhlöður hvort sem þær séu einnota eða endurhlaðanlegar. Eftir að líftíma þeirra ljúki séu tækin eðli máls samkvæmt ónothæf eða ónýt. Notendur farsíma þurfi því að skipta um rafhlöður með sama hætti og skipta þurfi um rafhlöður í myndavélum, vasaljósum o.s.f.v. þegar endingartíma þeirra ljúki. Nefnir seljandi til dæmis að fjölmörg fyrirtæki selji ýmsar vörur sem hafi skamman endingartíma eðli síns vegna, svo sem eins og prenthylki í prentara, en þau endist eftir því hve mikið prentari sem þær eru í er notaður. Sömu sögu sé að segja af ljósaperum. Segir seljandi að almennt sé miðað við að rafhlöður í farsímum endist í 1-2 ár miðað við venjulega notkun. Endingin kunni að vera lengri eða skemmri eftir atvikum. Það sé því ekki endilega um galla að ræða þótt rafhlaða tæmist endanlega innan árs frá kaupum og sé því ónýt eða ónothæf.

Seljandi vill áréttu að ekkert sé í lögum um neytendakaup sem segi að raftæki eigi að endast í tvö ár hið minnsta. 27. gr. laga um neytendakaup hafi aðeins að geyma ákvæði um tilkynningarfresti, þ.e. innan hvaða tímamarka neytandi verði að tilkynna um að hann verði galla var. Þar komi ekkert fram um að vörur eigi að hafa ákveðinn líftíma eða endast að lágmarki í tvö ár.

Segir seljandi að samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hafi fengið frá viðgerðaraðila hafi rafhlaðan verið ónýt og ekkert hafi bent til þess að hún hafi verið haldin einhverjum galla eða öðru sem seljandi eða framleiðandi rafhlöðunnar beri ábyrgð á. Þá liggi engar upplýsingar fyrir í málinu um að rafhlaðan hafi verið gölluð.

Með vísan til framangreinds hafnar álitsbeiðandi því að rafhlaðan hafi verið haldin galla eða endingartími hennar hafi verið óeðlilegur. Því geti seljandi ekki fallist á að honum sé skylt að greiða fyrir rafhlöðuna, líkt og álitsbeiðandi gerir kröfu um.

V

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni Samsung GT-18150 W af seljanda hinn 16. desember 2011 fyrir kr. 56.900. Hinn 27. febrúar sl., eða rétt rúmlega 13 mánuðum eftir kaupin, kvartaði álitsbeiðandi undan því við seljanda að rafhlaða símans héldi illa hleðslu. Í kjölfarið tók viðgerðaraðili seljanda við rafhlöðunni og mat hana ónýta. Taldi álitsbeiðandi að seljanda væri skylt að leggja sér til nýja rafhlöðu á þeim grundvelli að á henni væri tveggja ára ábyrgð skv. lögum og gerði því slíka kröfu á hendur seljanda. Þessu hafnaði seljandi, m.a. á þeim grundvelli að aðeins væri sex mánaða ábyrgð á rafhlöðunni auk þess sem athugun viðgerðaraðila á rafhlöðunni hefði ekki leitt það í ljós að hún væri gölluð, né lægju önnur gögn fyrir í málinu sem bentu til þess.

Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Þar segir m.a. í 2. mgr. að ef neytandi leggi ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku geti hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ljóst er að í máli þessu kvartaði álitsbeiðandi því undan galla við seljanda innan tímamarka greinarinnar.

Kærunefndin telur rétt að það komi fram að ábyrgð seljenda annarsvegar og frestur neytenda til að bera fyrir sig galla hinsvegar, eru ekki einn og sami hluturinn. Þannig geta seljendur veitt ákveðna tilgreinda ábyrgð á söluhlutum í ákveðinn tíma. Síkar ábyrgðaryfirlýsingar geta verið bundnar ákveðnum skilyrðum svo sem að söluhluturinn hafi tiltekna eiginleika eða að hann megi nota með venjulegum eða sérstökum hætti í tiltekinn tíma eftir afhendingu. Slík ábyrgðaryfirlýsing er bindandi fyrir yfirlýsingargjafann með þeim skilyrðum sem fram koma í ábyrgðaryfirlýsingunni, sbr. 3. mgr. 18. gr. laganna. Þannig geta seljendur jafnvel veitt skilyrðislausu ábyrgð á söluhlut fyrir lífstíð, kjósi þeir að gera það.

Óháð yfirlýsingum seljenda um ábyrgð í lengri eða skemmri tíma, með þeim skilyrðum sem seljendur setja í þeim yfirlýsingum, geta neytendur skv. áðurnefndri 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup kvartað undan galla á söluhlut innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í greininni, þ.e. eftir atvikum inna tveggja eða fimm ára. Lög nr. 48/2003 eru, skv. 3. gr. laganna, ófrávíkjanleg og geta ábyrgðaryfirlýsingar seljanda ekki haft nein áhrif á áðurnefnda tímafresti.

Vilji seljandi ákveðinnar söluvöru bera það fyrir sig að söluhlutur hafi sérstaklega skamman endingartíma vegna ákveðins eiginleika síns, svo sem hálf t.ár og því takmarka ábyrgð sína á hlutnum við þann tíma, útilokar það engu að síður ekki möguleika neytanda á að bera fyrir sig galla á söluhlutum að því hálfu ári liðnu sé það gert innan tímamarka 27. gr. laganna, enda getur söluhlutur mögulega verið haldinn galla, þrátt fyrir að áætlaður endingartími hans sé skammur. Er því alls ekki útlokað fyrir neytendur að bera fyrir sig galla á söluhlutum sem seljendur telja vera „rekstrarvörur“ og með skamman endingartíma og stuttan ábyrgðartíma í samræmi við það. Í raun er það fólgið í lögum nr. 48/2003 um neytendakaup að neytendur geta kvartað undan galla á söluhlut innan áðurnefndra tímamarka, þrátt fyrir að vitað sé að söluhluturinn hafi afar skamman endingartíma, svo sem er í tilvikum ýmissar ferskrar matvöru. Neytendur sem halda fram slíkum galla verða hins vegar eftir atvikum að sýna fram á tilvist þess galla, sem getur í sumum tilvikum verið æði vandasamt. Slíkt geta neytendur t.a.m. gert með því að láta óháðan aðila meta ástand söluhlutarins og hvort hann sé gallaður. Kostnaður sem af slíkri skoðun leiðir myndi þannig falla á seljanda, reynist söluhluturinn gallaður. Í máli þessu heldur seljandi því fram, með vísan til skoðunar viðgerðaraðila á rafhlöðunni, að rafhlaðan sé ekki haldin galla, þó vissulega sé hún ónýt. Engin önnur gögn liggja fyrir um ástand rafhlöðunnar og álitsbeiðandi hefur ekki gert neinn reka að því að mótmæla fullyrðingum seljanda, þrátt fyrir að hafa haft til þess tækifæri. Hefur því ekki verið sýnt fram á að umrædd rafhlaða hafi verið haldin galla. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VI
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir